




Varðar: Landspítali, Fossvogi / Tímabundnar færanlegar einingar V/bráðamóttöku – Fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Svavarssonar, framkvæmdastjóri NLSH ohf. f.h. NLSH ohf., dags. 25. febrúar 2025, um tímabundnar færanlegar einingar við bráðamóttöku Landspítala, Fossvogi, samkvæmt uppdrætti THG Arkitekta ehf., dags. 19. febrúar 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags staðfest 16.11.1973

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Borgarspítalareitur skilgreind sem Samfélagsþjónusta (S13).

Deiliskipulag: Í gildi er á deiliskipulag Borgarspítalans, staðfest 16.11.1973. Samkvæmt uppdrætti er stór byggingarreitur dreginn upp undir stærri bráðamóttöku en þeirri sem starfrækt er í dag. Reiturinn nær að hluta utan um þann stað sem óskað er eftir að koma fyrir færanlegum einingum skv. fyrirspurn (sjá ljósbláa punktalínu á skýringamyndum að ofan).

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi tímabundna staðsetningu færanlegra einingalausna að Háaleitisbraut 175 við bráðamóttöku Landspítala, Fossvogi. Samkvæmt greinargerð er húsnæði bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi í dag of lítið fyrir þá þjónustu sem þar er veitt. Tillagan gerir ráð fyrir húsnæði fyrir 20 rúma matsdeild á einni hæð sem þarf að vera um 660 m². Gert er ráð fyrir að húsnæðið uppfylli allar bygginga- tæknilegar kröfur sbr. reglur og ríkar kröfur verða gerðar til brunahönnunar. Er framkvæmdin algerlega afturkræf með lágmarks inngripi í núverandi byggingar á lóðinni.

Mikil aukning hefur orðið á álagi á alla starfsemi spítalans með hækkandi aldri og fjölsfjölgun þjóðarinnar. Núverandi húsnæði er löngu sprungið og fullnægir vart lengur nútíma kröfum um húsnæði sjúkrahúsa. Mjög þröngt er um sjúklinga og starfsfólk og má fullyrða að ástandið með vaxandi komuálagi sé orðið óbærilegt þar sem sjúklingar þurfa að liggja á göngum spítalans og í rýmum sem ekki voru hugsuð fyrir klíniska starfsemi. Nýr Landspítali ohf. (NLSH) vinnur að byggingu nýrrar bráðamóttöku við Hringbraut en það húsnæði verður ekki tekið í notkun fyrr en á árunum 2028-2029.



Skýringauppráttur sýnir tillögu á 20 rúma matsdeild norð-vestan við núverandi bráðamóttöku - Grunnmynd

Skipulagsfulltrúi gerir ekki skipulagslega athugasemd að veitt verði heimild fyrir umrædda byggingu sem verður staðsett að hluta innan núverandi byggingarreits skv. skipulagi frá 1973. Mun skipulagsfulltrúi beita 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi, að við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis geti sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd vegna erindisins sbr. umsögn að ofan.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík